

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 17. nóvember, kl. 12:15 í fundarherbergi Norræna hússins.

Mætt voru: Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Sólveig Anna Bóasdóttir, Vilhjálmur Árnason og Salvör Nordal.

1. *Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.*
2. *Starf formanns og forstöðumanns fyrir rannsóknarnefnd Alþingis.* Langt fundarhlé stjórnar var rætt en það kemur til af störfum bæði formanns og forstöðumanns með rannsóknarnefnd Alþingis sem bæði var umfangsmeira og lengra en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.
3. *Staða stofnunarinnar innan Hugvísindasviðs og nýjar starfsreglur.* Lagðar fram nýjar starfsreglur Siðfræðistofnunar sem tóku gildi 1. október s.l. en samkvæmt þeim hefur stofnunin „heimilisfesti á Hugvísindasviði Háskóla Íslands og starfar innan vébanda Hugvísindastofnunar“, eins og segir í reglunum og situr formaður í stjórn Hugvísindastofnunar fyrir hennar hönd. Formaður ræddi þessa nýju reglur og kynnti helstu breytingar. Þar er gert ráð fyrir óbreyttri skipan stjórnar frá því sem verið hefur en þó kemur þar fram að bæði formaður og varaformaður hennar skuli vera úr hópi fastra kennara Hugvísindasviðs; af þessu leiði að Sólveig Anna Bóasdóttir sé sjálfkjörinn varaformaður. Í 6. gr. stjórnar kemur fram að stjórnin eigi að efna til ársfundar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjárhagsáætlun og skal halda ársfund að hausti. Heldur núverandi stjórn umboði sínu fram að næsta ársfund. Skilgreina þarf félagi fyrir Siðfræðistofnun samkvæmt nýju skipulagi og var forstöðumanni falið að gera drög að slíkum lista.
4. *Verkefni*
 - a) *Rannsóknaverkefni.* Engin ný rannsóknarverkefni hafa verið hjá Siðfræðistofnun að undanförunu og öðrum er lokið. Rætt var um möguleika á að koma nýjum verkefnum á fót og sögðu formaður og forstöðumaður frá fundum meðal annars með Eiríki Smára Sigurðarsyni rannsóknarstjóra Hugvísindasviðs um möguleika á því sviði.
 - b) *Samstarfsnet.* Siðfræðistofnun tekur þátt í samstarfsneti sem styrkt er af Nordforsk og er undir stjórn Linköping háskóla. Á vegum þess skipulagði Siðfræðistofnun námskeið í Skálholti 19.–22. september s.l. fyrir framhaldsnema um rannsóknarsíðfræði og tókst það mjög vel.
 - c) *Málþing og fyrirlestrar.* Fjallað um málþing og námskeið sem haldin hafa verið á vegum Siðfræðistofnunar á síðustu misserum. Í haust skipulagði stofnunin námskeið um síðfræði hjálparstarfs og var Nigel Dower sérlegur gestur námskeiðsins. Þá var haldin ráðstefna í samvinnu við Ohio State University ráðstefnu að frumkvæði Sigrúnar Svavarsdóttur undir heitinu *Value and Valuing* 21.–24. júní. Ráðstefnan var lokuð og hana sóttu valinkunnur hópur erlendra heimspekinga. Loks hefur stofnunin

gert samning við Endurmenntun um regluleg námskeið á vegum stofnunarinnar. Í framhaldinu var rætt um hugmyndir að málþingum eða fyrirlestraröð á næsta ári og voru nefnd efni eins og lýðræði, stjórnskipunarmál og öryggi ríkisins.

d) *Útgáfa.* Tvær bækur eru að koma út á vegum stofnunarinnar, annars vegar *Velferð barna. Gildismat og ábyrgð samfélags*, sem er lokaafurð rannsóknarverkefnis um börn og gildismat og hins vegar *Siðfræði og samfélag* með afmælisfyrirlestrum stofnunarinnar.

e) *Landsiðaráð.* Formaður gerði að umtalsefni möguleika á að endurvekja hugmyndina um landsiðaráð sem var til umræðu fyrir nokkrum árum og velti fyrir sér hvort taka ætti meira frumkvæði á því sviði. Var formanni falið að fylgja málinu eftir við forseta Alþingis.

5. *Fjárhagsstaða stofnunarinnar.* Fjallað um fjármál stofnunarinnar en ljóst er að fjárframlög sem stofnunin fær á ári standa ekki undir föstum kostnaði því er brýnt að leita annarrar fjármögnunar í formi til dæmis rannsóknastyrkja.

Fundi slitið 13:45

S.N.